



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Árshlutareikningur A-hluta og samantekinn árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2022

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með verklagi við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2022 með sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og sérfræðingum sviðsins sem vinna að gerð reikningsskila. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins.

Nefndin hefur einnig fundað með stjórnendum Félagsbústaða og Orkuveitu Reykjavíkur og fengið kynningu á árshlutareikningum þeirra félaga fyrir sama tímabil en árshlutareikningar þeirra hafa mikið vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Í störfum sínum leggur nefndin áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin.

Árshlutareikningar A hluta Reykjavíkurborgar og einstakra B hluta félaga í samstæðunni eru gerðir með sambærilegum hætti og árshlutareikningar síðustu ára. Reikningsskil B hluta félaga eru nú eins og á árinu 2021 færð í samantekinn árshlutareikning miðað við hlutfallslega ábyrgð Reykjavíkurborgar í samræmi við breytt ákvæði í reglugerð 1212/2015 sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

Eins og áður fylgja með árshlutareikningnum ítarlegar greinargerðir fagsviða og B hluta félaga og skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs. Nefndin vekur athygli á ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs í skýrslu sviðsins og þá sérstaklega ábendingu um mikilvægi þess að gripið sé til aðgerða til að takast á við hallarekstur í A hluta og neikvæða þróun í ytra umhverfi.

Ofangreind yfirferð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – júní 2022 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar

Lára Finnbogason
formaður